

*Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1011
komudagur 4.3.2009*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

Reykjavík 3. mars 2009.

EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. - Þskj. 418 – 258 mál.

Samband garðyrkjubænda (SG) mun einungis gera eina athugasemd við frumvarpið. Sú athugasemd snýr að lögum um matvæli nr. 93/1995. Nánar tiltekið beinist athugasemdin að 11. gr. frumvarpsins en þar sem verið er að ræða nýja grein þ.e. grein 18a.

Í síðari málsgrein greinar 18a segir:

Óheimilt er að villa um fyrir neytendum með merkingu, auglýsingu og framsetningu matvæla, þ.m.t. lögun þeirra, útliti eða umbúðum og umbúðaeefni, hvernig þeim er fyrir komið og í hvaða umhverfi þau eru sýnd sem og upplýsingum sem eru veittar um þau.

Ósk Sambands garðyrkjumanna til breytinga

Samband garðyrkjubænda telur ofangreinda klásúlu ekki tryggja nægjanlega rétt neytenda til þess að taka upplýsta ákvörðun um kaup á vöru. Hvetur SG sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til þess að styrkja rétt neytenda til þess að fá upplýsingar um uppruna vöru og þ.a.l. skerpa á kröfunni um að uppruna hennar sé getið á umbúðum. Klárlega fara saman hagsmunir neytenda og framleiðenda íslenskra vöru t.d. grænmetisframleiðenda. Bent skal á að í lögum Evrópusambandsins um matvæli er þessi réttur tryggður.

Upprunamerking vöru – krafa neytenda og framleiðenda

Á undanförunum árum hefur umræða um upprunamerkingar vöru margoft blossað upp. Því miður varir sú umræða ekki lengi og hefur því miður ekki leitt til aðgerða til úrbóta. Gagnrýnin beinist fyrst og fremst að því hvort verið sé að blekkja neytendur með merkingum á umbúðum. Hagsmunaaðilar eins og Neytendasamtökin og ýmsir framleiðendur íslenskra matvæla hafa bent á brotalamir í þessu sambandi.

Í lögum Evrópusambandsins um merkingar á umbúðum er skylt að merkja vöru með eftirfarandi merkingu:

- Nafn pökkunaraðila og heimilisfang (a.m.k póstnúmer og staður)
- Gæðaskilgreining þ.e. gæðaflokkur 1, 2 osfrv
- Upprunaland vöru (gildir fyrir allar tegundir ávaxta og grænmetis)
- Tegundarheiti (fyrir sumar ávaxtategundir t.d. appelsínur, aprikosur, epli osfrv)

Þróun merkinga á íslensku grænmeti

Samband garðyrkjubænda eru hagsmunasamtök og eitt af aðildarfélögunum þess er Félag grænmetisframleiðenda. Allmargir grænmetisbændur eiga með sér afturðastöð, Sölufélag garðyrkjumanna (SFG), sem hefur það verkefni að taka á móti framleiðsu þeirra, pakka í sumum tilfellum vörunni og dreifa henni til smásöluverslanna í gegnum innkaupafyrirtæki þeirra.

Fyrir 6-7 árum var staðan á markaði grænmetisafurða sú að hætta var á að grænmetisframleiðendur gæfust upp á að framleiða vöru sína. Allt grænmeti var selt í lausu, engin vöruþróun hafði átt sér stað og smásalan hélt þeim í föstu greipum og stýrði því hvenær og hvernig kaup á grænmeti ætti sér stað.

SFG setti af stað mikla vinnu við vöruþróun og ákvörðun tekin um að pakka vörum í umbúðir. Samtímis því var ráðist í fjárfestingu í að byggja upp vörumerki íslensks grænmetis með það að markmiði að styrkja ímynd þess meðal neytenda.

Staðan í dag er í raun algjör andstæða þess er áður var. Vöruþróun hefur orðið mikil t.d. í tótmötum þar sem ræktaðar eru margskonar tegundir. Framleiðendur pakka nánast allri sinni vöru í neytendaumbúðir. Ímynd íslensks grænmetis er mjög sterk í hugum neytenda og nýtur trausts þeirra. Umbúðir SFG bera eftirfarandi merkingar:

- Tegundaheiti
- Magn
- Heiti framleiðanda eða framleiðendanúmer hans (oftast nær)
- Íslenska fánaröndin

Íslenska fánaröndin er þarna sem trygging neytenda á því að um er að ræða íslenska framleiðslu en að auki felast í vörumerkingunni ákveðin gæði og ferksleiki.

Dæmi um réttar merkingar á innfluttu grænmeti er t.d. frá BÚR sem flytur inn töluvert af erlendu grænmeti. Þar eru merkingar oftast til fyrirmyndar og þess getið hvar varan er pökkuð og að slíkt sé gert fyrir BÚR.

Hinsvegar eru fyrirtæki sem stunda að villa um fyrir neytendum t.d. með því að tala um íslenska framleiðslu þó erlend sé. Dæmin eru fjölmörg en rétt er að benda á að erlent grænmeti sem skolað er úr íslensku vatni er ekki íslenskt grænmeti. Einnig er nýlegt dæmi þar sem Neytendastofa ályktaði að umbúðir eins innflytjanda á frosnu grænmeti væru til þess að villa um fyrir neytendum. Á umbúðunum voru litir íslenska fánans auk þess sem heiti dreifingaraðilans vísaði í innlenda framleiðslu.

Vara sem fær slíka meðhöndlun þ.e. flutt inn og pökkuð getur aldrei orðið íslensk. Þrátt fyrir að um einhvern virðisauka sé að ræða við meðhöndlun innfluttra vara þá er beinlínis rangt og villandi að halda fram einhverju öðru en að varan sé erlend. Neytandinn fær því rangar upplýsingar. Með sömu röksemdarfræslu er hægt að halda fram eftirfarandi: Ef flutt er inn til landsins 1 milljón tonna af vatni frá Noregi og kostnaður við það er 10 kr/lítra og því síðan pakkað á flöskur og það selt í smásölu fyrir 100 kr/lítra – er vatnið íslenskt af því að virðisaukinn er tífaldur? Í stað vatns er hægt að setja hvaða vöru sem er - t.d. lambakjöt!

Fánarönd SG er vörumerki aðildarfélaganna þess og undafarið hafa önnur aðildarfélög hafið notkun á vörum sínum til þess að upplýsa neytendur um uppruna þeirra. Þannig hafa blómabændur merkt afskorin blóm sem fara á markað og að sama skapi hafa garðplöntuframleiðendur gert slíkt hið sama.


Rök gegn upprunamerkingu

Einu rökin sem sett hafa verið fram um að ekki eigi að merkja uppruna vöru er að slíkt geti haft markaðshamlandi áhrif. Að jafnræðis sé gætt í framsetningu vöru óháð upprunalandi hennar. Því er til að svara að réttur neytenda til þess að taka upplýsta ákvörðun um kaup á vöru hlýtur að vega þyngra en slík rök.

Í árlegum skýrslum Matvælastofnunarinnar kemur t.d. fram að varnarleifar, þ.e. efni sem notuð er gegn illgresi, sveppum og meindýrum, eru mismunandi eftir því hvaðan grænmetið kemur. Leifar um slík efni greindust, árið 2007, aðeins í um 8% sýna af íslensku grænmeti og öll voru þau undir hámarksgildum. Í sýnatöku á erlendu grænmeti fundust hinsvegar leifar í 57% sýna þar af voru 4% yfir hámarksgildum. Á árunum 1998-2000 voru 2% íslenskra sýna yfir hámarksgildum. Síðan 2001 hefur aðeins eitt sýni af íslensku grænmeti greinst með varnarleifar yfir hámarksgildi.

Íslenskir neytendur vita margir hverjir um slíkar upplýsingar og eiga heimtingu á að fá möguleikan á því að velja vöru eftir uppruna hennar.

Með kveðju


Bjarni Jónsson
framkvæmdastjóri